

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Staða persónulegrar notendastýrðrar aðstoðar (NPA)*

Forsaga:

Minnisblað um NPA var lagt fyrir velferðarráð 15. mars sl. Þá lá fyrir að löggjafinn hafði framlengt innleiðingartímabil NPA um tvö ár, eða til loka árs 2024. Jafnframt að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hygðist fjölga NPA samningum um 56 á árinu 2023.

Greinargerð:

Í Reykjavík eru 27 einstaklingar með þjónustu í formi NPA. Þá eiga 39 einstaklingar samþykktu umsókn um NPA og bíða eftir að þjónusta geti hafist. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hafði ákveðið að umsóknarfrestur sveitarfélaga til að skila umsóknum um mótframlag vegna fjölgunar samninga verði 31. maí nk. Með bréfi ráðuneytisins til sveitarfélaga þann 31. maí var frestur til að skila umsóknum um mótframlag vegna nýrra samninga framlengdur.¹ Í sama bréfi er einnig tilkynnt um aukinn frest til að skila umsóknum um mótframlag vegna gildandi samninga, nýr skiladagur er 10. september.

Unnið er að endurskoðun reglugerðar um NPA í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og er gert ráð fyrir að ný reglugerð taki gildi 1. janúar 2024. Vegna þessa er þörf á að framlengja núgildandi reglur Reykjavíkurborgar um NPA til þar næstu áramóta.

Nettó kostnaður við þá 27 samninga sem nú eru í gildi verður um 1,1 ma.kr. á árinu 2023. Gjöld verða um 1,4 ma.kr. og áætlaður hluti ríkisins um 340 m.kr.

Meðalkostnaður fyrir hvern og einn NPA samning er um 38 m.kr. á ári (25% mótframlag ríkisins talið með).

Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar við að gera samninga um NPA við þá 39 notendur sem eru á bið eftir að þjónusta geti hafist er um 1,5 ma.kr. á ári.

¹ Bréf félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, dagsett 31. maí 2023